

STARFSLEYFI

Vélsmiðja Suðurlands

Vélsmiðja

Gagnheiði 5,

fastanr. F2187768, F2268927, F2274385, F2295313

800 Selfoss

Nafn og kt. rekstraraðila: **Vélsmiðja Suðurlands ehf., kt. 640903 2440**

Heimilisfang: **Gagnheiði 5, 800 Selfoss**

Útgáfudagur: 18. janúar 2021

Gildir til: 18. janúar 2033

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisiskilyrðum:

**Samræmd starfsleyfisiskilyrði fyrir vélsmiðjur
dags. 18. janúar 2021**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnst með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfisiskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 18. janúar 2021

Stella Hrönn

Stella Hrönn Jóhannsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR vélaverkstæði

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur véla- og viðgerðaverkstæða, verkstæða í sérhæfðum vélastillingum og spennaviðgerðum, renniverkstæða og annan sambærilegan rekstur.	550/2018 5. gr.	
1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3 Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	

2. ÁSÝND LÓÐAR OG LÓÐARMÖRK

	Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1 Halda skal húsnæði og umhverfi snyrtilegu. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt.	737/2003 og rgl. nr. 112/2012	
2.2 Virða skal lóðarmörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	112/2012 og rgl. nr. 550/2018	
2.3 Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. ónýtar vélar og vélahluti og annan úrgang á lóð þannig að snúi að almannafæri eða valdi slysaættu.	sbr. ákvæði 2.1 og 2.2 í fylgiskjali með auglýsingu nr. 582/2000	

2.4	Búnaði eða lausamunum sem tilheyra rekstri skal komið snyrtilega fyrir á umráðasvæði rekstraraðila. Geymslusvæði á lóð skal skerma af þar sem við á, vegna fokhættu, slyshættu eða það sé til lýta í umhverfi.	737/2003	
2.5	Staðsetning geymslugáma er háð leyfi hlutaðeigandi byggingaryfirvalda.	112/2012	

3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Um frágang, staðsetningu og uppsetningu olíutanka og lagna skal farið skv. ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Afla þarf tilskilinna leyfa fyrir staðsetningu olíutanka.	884/2017	
3.2	Eldsneytistankur með afgreiðsludælu skal staðsettur á lekaheldu undirlagi með árekstursvörn og skulu niðurföll tengd olíugildru.	884/2017	
3.3	Gera skal fyrirbyggjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir olíumengun. Hafa tanka og tunnur í þróm eða lekabyttum, hafa árekstrarvarnir sem við á og hafa búnað til að bregðast við óhöppum.	884/2017	
3.4	Olíugildra skal vera á fráveitulögn frá vinnusvæðum. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og byggingafulltrúa.	798/1999	
3.5	Loftræstingu frá verkstæði skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nærliggjandi húsakynnum og vegfarendum óþægindum eða heilsufarslegri áhættu vegna lyktar, mengunar eða hávaða. Afsog skal leitt upp fyrir þakbrún og hærra ef þörf krefur eða hreinsað á viðunandi hátt.	724/2008, rgl. nr. 550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
3.6	Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni. Vélum og öðrum tækjum sem mikill hávaði (þung högg) stafar frá skal komið fyrir á þúðum eða með öðrum þeim hætti sem tryggir að hávaði valdi ekki óþægindum í aðliggjandi húsnæði. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	724/2008	

4. EFNAÖRYGGI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt þar sem ekki stafar mengunarhætta af. Eiturefni s.s. flúrsýru skal geyma í loftræstum og læstum skáp með lekabyttu.	415/2014 og lög nr. 61/2013	

4.2 Öryggisblöð fyrir merkingarskyld efni skulu vera á staðnum.	888/2015 5. gr. og lög nr. 61/2013	
---	---	--

5. ÚRGANGUR OG SPILLIEFNI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1 Gámum og örðum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum og skulu þau standast kröfur heilbrigðiseftirlitsins.	737/2003 17. gr.		
5.2 Dregið skal úr myndun úrgangs. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er kostur. Um úrgang fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum.	737/2003 11. gr.		
5.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun spilliefna, m.a. með notkun skaðlausra efna, með endurnýtingu eða endurvinnslu.	806/1999 5. gr.		
5.4 Geyma skal hættuleg efni og spilliefni í lokuðum ílátum og á þann hátt að ekki sé hætt á að þau berist út í jarðveg eða fráveitu.	806/1999, rgl. nr. 415/2014 og lög nr. 61/2013		

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

Selfossi, 18. janúar 2021,

Fh. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis

Vélsmiðja Suðurlands

kt. 640903 2440

**Gagnheiði 5,
800 Selfoss**

vegna vélsmiðju í starfstöð fyrirtækisins að Gagnheiði 5 á Selfossi.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 15. desember 2020. umsókn margrétar Jónasdóttur, kt. 050877 3379, f.h. Vélsmiðju Suðurlands ehf., kt. 640903 2440, um starfsleyfi fyrir vélsmiðju að Gagnheiði 5 á Selfossi.

Um er að ræða endurnýjun á starfsleyfi og var móttaka umsóknar auglýst þann 16. desember 2020 á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, www.hsl.is.

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Þar sem um einfaldan rekstur er að ræða var ákveðið, sbr. heimild í auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, að gera tillögu að starfsleyfi byggðu á samræmdum starfsleyfisskilyrðum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna, upphaflega útgefnum 2003, með uppfærslu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu eða starfsemi fyrirtækisins, var ekki leitað umsagnar skipulags- og byggingafulltrúa um ofangreinda þætti.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að



gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir vélsmiðju á vegum Vélsmiðju Suðurlands ehf. á heimasíðu sinni. Auglýsingin var birt þann 16. desember 2020 og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 13. janúar sl.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis

Á 209. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 15. janúar sl. var ofangreind starfsleyfisumsókn Vélsmiðju Suðurlands ehf. tekin til afgreiðslu og ákveðið að starfsleyfi fyrir starfsemina yrði gefið út til 12 ára að loknum auglýsingatíma, að því gefnu að engar athugasemdir myndu berast á auglýsingatímanum.

Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út í samræmi við ofangreint.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 18. janúar 2021

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,

Stella Hrönn

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi